



Öryggi leiksvæða í Kópavogi



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

2. maí 2022

Umhverfissvið Kópavogsbæjar

Miðstöð slysavarna barna

Málsnúmer 2101369

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skoðun nokkurra leiksvæða	4
Falldempun undirlags	8
Eftirlit og viðhald leiksvæða og tækja	9
Umsögn forstöðumanns Miðstöðvar slysavarna barna	14
Lokaorð	17

Fylgiskjöl

1. Fyrirspurn og svar um öryggismál leiktækja, lagt fram í menntaráði 19.1. 2021
2. Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 492 2002

Myndir Friðrik Baldursson 2021
 BSI á Íslandi 2021

Inngangur

Í nóvember 2020 varð alvarlegt slys í leikkastala á lóð Snælandsskóla. Var strax í kjölfar þess farið í að skoða tækið, hvort eitthvað væri athugavert við uppsetningu þess eða það væri skemmt, auk þess sem aðstæður voru skoðaðar, s.s. vegna sk. fallrýmis og falldempunareiginleika undirlags tækisins.

Í ljós kom að ekkert var að leiktækinu, enda vottað eins og lög gera ráð fyrir, og ekkert að uppsetningu þess eða fallrými, en falldempunarmælingar sýndu minni dæmpun en efnið átti að uppfylla skv. vottun framleiðanda. Þetta varð til þess að hæsta hluta kastalans var lokað. Í samráði við starfshóp um endurgerð skólalóðarinnar, sem settur var á laggirnar 2018, var fengin tillaga frá framleiðanda um hvernig gera mætti leiktækið öruggara og farið var í þær breytingar í júní 2021.

Í janúarbyrjun 2021 var farið í samstarf við Herdís Storgaard, forstöðumann Miðstöðvar slysavarna barna, vegna þessa máls. Verkefnið varð þó mun víðtækara en aðeins varðandi þetta eina tæki á lóð Snælandsskóla, þar sem farið var í skoðun á öllum stærri leiktækjum þar sem er umtalsverð fallhæð, s.s. við kastala, stærri klifurgrindur o.þ.h. Lagt var upp með að skoða aðallega leiktæki sem sett voru upp á grunn- og leikskólalóðum ásamt opnum leiksvæðum á árunum 2016-2020 en árið 2016 hófst ákveðið endurnýjunarskeið lóða sem stendur enn yfir, en raunin varð sú að miklu fleiri atriði voru skoðuð og rædd.

Um er að ræða eins konar aukaskoðun, þar sem að á hverju ári fer fram sk. aðalskoðun leiksvæða og -tækja, skv. reglugerð um öryggi leikvallataækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 492 frá 2002, á öllum svæðum Kópavogsbæjar þar sem leiktæki er að finna, en þau eru nú um 100 talsins. Framkvæmd aðalskoðunar er í höndum fyrirtækisins BSI á Íslandi sem er sem stendur eina fyrirtækið hérlandis sem hefur til þess réttindi. Falldempunarmælingar eru ekki hluti af fyrrnefndri aðalskoðun, en umhverfissvið fór í umfangsmiklar slíkar mælingar sem vakið hafa talsverða athygli.

Í þessari samantekt er að finna yfirlit um helstu atriði þessarar skoðunar á öryggi leiksvæða í Kópavogi eins og staðan er nú en líta má þetta sem áfangaskýrslu því þessu verkefni lýkur aldrei. Tilgangur samantektarinnar er að varpa ljósi á þessi mál bæta ástandið.



Mynd 1. Kastali á lóð Snælandsskóla. Unnið í júníbyrjun 2021 að frágangi undirlags (gervigras með 60mm falldempunarpúða (foam) við kastala á lóð Snælandsskóla, eftir breytingar á honum.

Skoðun nokkurra leiksvæða í janúar 2021

Eins og fram hefur komið var lagt upp með að skoða aðallega leiktæki sem sett voru upp á grunn- og leikskólalóðum ásamt opnum leiksvæðum á árunum 2016-2020. Um var að ræða alls 42 leiktæki á 23 stöðum, sjá töflu 1. Að lokinni tveggja daga vettvangsskoðun forstöðumanns Miðstöðvar slysavarna barna og garðyrkjustjóra 18. og 21. janúar 2021 voru fengnar upplýsingar um leiktækin og fallvarnarefnin frá innflutningsaðilum, þar á meðal vottanir, og þau gögn yfirfarin. Einnig var farið í falldempunarmælingar við tækin, sjá sér kafla um þau mál.

Fjöldmörg önnur öryggisatriði voru skoðuð í leiðinni, sjá nokkur þeirra á myndum 2-20.

Grunnskóli	Tæki	Upps.ár	Tæki frá	Undirlag
Álfhólsskóli-Digranes	Klifurgrind	2019	Zik-Holz	Gúmmi
Álfhólsskóli-Digranes	Kastali	2019	Krumma	Gervigras, púðar
Álfhólsskóli-Digranes	Klifurpýramídi	2019	Lappset	Gervigras, púðar
Álfhólsskóli-Hjalli	Klifurgrind (kúlur)	2017	Lappset	Gervigras, púðar
Álfhólsskóli-Hjalli	Klifurgrind	2017	Krumma	Gervigras, púðar
Álfhólsskóli-Hjalli	Klifurveggur	2017	Krumma	Gúmmihellur
Álfhólsskóli-Hjalli	Hreystibraut	2017	Skólahreysti	Gervigras, púðar
Hörðuvallaskóli (Kórin)	Klifurgrind	2020	Kompan	Gúmmihellur
Kársnesskóli	Klifurgrind ("bátur")	2019	Proludic	Gervigras, púðar
Kársnesskóli	Klifurtæki (stórt)	2017	Proludic	Gervigras, púðar
Kársnesskóli	Klifurtæki	2018	Kompan	Gervigras, púðar
Kópavogsskóli	Klifurgrind	2016	Proludic	Gervigras, púðar
Lindaskóli	Kastali	2020	Vinci Play	Gervigras, púðar
Salaskóli	Kastali	2018	Lappset	Gervigras, púðar
Salaskóli	Hlaupaköttur	2018	Krumma	Gúmmimottur +
Salaskóli	Hreystibraut	2016	Skólahreysti	Gervigras, púðar
Smáraskóli	Kastali	2018	Hags	Gervigras, púðar
Smáraskóli	Klifurpýramídi	2018	Hags	Gervigras, púðar
Smáraskóli	Klifurgrind	2018	Hags	Gervigras, púðar
Snælandsskóli	Kastali	2018	Hags	Gervigras, púðar
Vatnsendaskóli	Kastali	2018	Vinci Play	Gervigras, púðar
Vatnsendaskóli	Hlaupaköttur	2020	Krumma	Gúmmimottur +
Vatnsendaskóli	Klifurgrind	2017	Krumma	Gervigras, púðar
Vatnsendaskóli	Hreystibraut	2017	Skólahreysti	Gervigras, púðar
Vatnsendaskóli	Klifurveggur	2020		Gúmmihellur
Leikskóli	Tæki	Upps.	Tæki frá	Undirlag
Arnarsmári	Skip	2018	Eibe	Gervigras, púðar
Arnarsmári	Kastali	2018	Lappset	Gervigras, púðar
Álfatún	Kastali	2020	Eibe	Möl
Fagrabrekka	Klifurgrind		Eibe	Gervigras, púðar
Fagrabrekka	Kastali		Eibe	Gervigras, púðar
Kópahvoll	Klifurtæki	2019	Lappset	Gúmmihellur
Núpur	Kastali	2020	Lappset	Gervigras, púðar
Leiksvæði	Tæki	Upps.	Tæki frá	Undirlag
Menningarhús	Kastali	2019	Proludic	Gervigras, púðar
Rúttún	Kastali	2019	Stilum	Gervigras, púðar
Rúttún	Aparóla	2019	Proludic	Gúmmimottur +
Fossvogsdalur	Kastali	2017	Berliner	Gervigras, púðar
Fossvogsdalur	Aparóla	2017	TLF	Gúmmimottur +
Tjarnargarður	Klifurtæki	2017	Proludic	Gervigras, púðar
Álalind	Klifurgrind	2018	Lappset	Gervigras, púðar
Öldusalir	Klifurgrind	2017	Krumma	Gervigras, púðar
Auðnukór	Klifurgrind	2016	Lappset	Gervigras, púðar
Guðmundarlundur	Kastali	2020	Eibe	Kurl

Tafla 1. „Skoðunarlistinn“. Stærri leiktæki með nokkra fallhæð, sett upp á árunum 2016-2020. Mörg þeirra eru eins og með eins frágang og undirlag. Undirlag við 11 leiktækjanna, eða um fjórðungs þeirra sem er á listanum, þarf að skoða betur með tilliti til aukinnar falldempunar til að auka öryggi.

Nokkur dæmi um það sem var skoðað:



Myndir 2 og 3. Aparóla í Fossvogsdal. Bæta þarf öryggi umfram það sem staðlar segja til um og það verður gert 2022. Víðar mætti setja merkingar vegna aldurstakmarkana.



Myndir 4 og 5. Mörk í sk. battavöllum á skólalóðum eru ekki skv. Stöðlum, m.a. þar sem útstæðar netfestingar snúa inn í mörkin og bil milli borðaklæðningar er sumstaðar of mikið. Viðhald mætti bæta.



Myndir 6 og 7. Skoðaðir voru tveir klifurveggir, annar á gaffli Álfhólsskóla-Hjalla og hinn við Vatnsendaskóla, án athugasemda. Á báðum stöðunum er falldempun með 85mm þykkum gúmmihellum.



Myndir 8 og 9. Tvennskonar klifurtæki, annað við Kársnesskóla og hitt við Smáraskóla. Annað þeirra mældist tæpt í falldempun við þessar aðstæður.



Myndir 10 og 11. Hjólastæði við Smáraskóla. Þau sem eru á mynd 11 fara ekki aðeins verr með hjólin heldur hafa þau einnig valdið slysum. Hraða þyrfti útskiptum á slíkum hjólagrindum og setja hjólaboga, eins og á mynd 10, eða sambærilegt í staðinn.



Myndir 12 og 13. Tvö tæki á nýrri lóð leikskólans Álfatúns. Við turn og rennibraut er 30cm þykk öryggismöl (2-8mm) og við rólu eru annars vegar gúmmíhellur og gúmmímottur á grasi til beggja enda. Allar mælingar stóðust kröfur um falldempun.



Myndir 14 og 15. Kastali á lóð leikskólans Núps, engar athugasemdir þar. Mynd 15. sýnir „hurðastoppa“ við Salaskóla. Þessi er af heppilegri gerð þar sem hann er stór og vel sýnilegur, en fallslys hafa orðið á minni útgáfum. Salaskóli er klæddur galvaniseruðum plötum og árlega koma athugasemdir í aðalskoðun um að mála þurfi hann upp í 150cm hæð eins og reyndar alla málmhluti á og við leiksvæði. Þetta hefur til þessa ekki verið sett í forgang.



Myndir 16 og 17. Fleiri myndir frá Salaskóla. Bjargið á mynd 16 þarf annað hvort að fjarlægja eða setja kringum það falldempandi undirlag. Þó það sé ekki hugsað sem leiktæki þá er það notað sem slíkt. Sama gildir aftur á móti ekki um grjótið á mynd 17 þar sem litið er á þetta sem náttúrusvæði, líkt og t.d. Borgarholtið.



Myndir 18 og 19. Kastali og rólur á leiksvæði í Guðmundarlundi. Við kastalann er 30cm þykkt viðarkurl en 60mm gúmmihellur við rólur. Hvort tveggja var frosið við skoðun og reyndist ekki uppfylla kröfur um falldempun að fullu við þær aðstæður. Önnur mæling að sumarlagi uppfyllti kröfur.



Mynd 20. Þótt sk. seinkunartjörn í nágrenni Kórsins sé ekki leiksvæði þá var litið á staðinn í leiðinni þar sem Miðstöð slysavarna barna höfðu á árum áður borist margar ábendingar um alvarlega slysgildru þar. Herdís taldi að með breytingum sem gerðar voru á tjörninni árið 2016 væri hættan þarna ekki meiri en almennt gerist þar sem vatn er í umhverfinu, s.s. við strendur, vötn, tjarnir, ár og læki.

Falldempun undirlags

Öll leiktæki eru með skilgreinda fallhæð m.t.t. notkunar þeirra og koma þær upplýsingar fram í tækniblöðum viðkomandi tækis. Ekkert leiktæki má vera með meira en 3 m fallhæð skv. Evrópustaðli EN1176. Sömuleiðis eru fallvarnarefni í undirlagi leiktækja, s.s. gúmmíhellur, útlagt gúmmí (tartan), gervigras með dempunarpúðum (foam) með skilgreinda dempunareiginleika m.v. fallhæð og fer það eftir eiginlegum efnanna, efnisþykkt o.fl. Vottun fylgir hverri gerð fallvarnarefna sem á að staðfesta eiginleika þeirra. Gúmmímottur (grasmottur) dempa einnig fall úr tiltölulega lítilli hæð. Önnur efni, s.s. ákveðin gerð malar (oft kölluð öryggismöl) og trjáskurl uppfylla einnig kröfur en geta verið óheppileg að öðru leyti, t.d. með tilliti til aðgengis fyrir alla.



Lengi vel var notast við sk. HIC-kvarða (Head Injury Criteria) við mælingar á falldempun og voru kröfurnar þannig að mæling þurfti að vera undir 1.000 stigum. Við höfuðhögg sem mælist hærra en 1.000 stig eru líkur á heilahristingi eða alvarlegri áverka. Nú er búið að innleiða nýjan viðbótarkvarða á falldempun, sk. „G-force“ þ.e. mæling á hröðun þess sem fellur. Þetta þykir réttara að taka með inn í heildarmælinguna á útkomu til að minnka líkur á alvarlegu höfuðhöggi. Samkvæmt þessum kvarða eru 200 G samsvarandi 1.000 HIC. Ef mæling úr skilgreindri fallhæð sýnir hærri gildi en þessi þá þarf að grípa til ráðstafana til að bæta falldempun og auka öryggi. Vert er að taka það fram að kröfur um öryggisundirlag eru fyrst og fremst til að tryggja að börn hljóti ekki alvarlega höfuðáverka en öryggisundirlagið kemur ekki alltaf í veg fyrir beinbrot á útlimum barna þó svo að það dragi verulega úr líkum á því.

Mynd 21. Falldempunarmæling við Snælandsskóla 2021

Falldempunarmælingar eru hreint ekki algengar hérlandis og því er reynsla á því sviði takmörkuð. T.d. er aðeins einn aðili með löggilt tæki og áratuga þekkingu á notkun þess og túlkun niðurstaðna. Eins og fyrr sagði var gerð falldempunarmæling við leiktæki í Snælandsskóla í nóvember 2020, en vikurnar þar á undan var mikill frostakafli. Við þessar aðstæður uppfyllt fallvörnin aðeins um 80% af því sem vottunin sagði til um, en vottunarmælingar eru gerðar innandyrna á erlendri vottunarstofu í 20-25°C hita.

Almennt eru dempunarmælingar erlendis ekki gerðar ef lofthiti er undir 5°C og því eru litlar heimildir til um áhrif vetrarveðra á leiksvæði. Herdís Storgaard hefur leitað upplýsinga um þetta á Norðurlöndunum og kemur á óvart að ekki virðist hafa verið hugsað mikið út í þessi atriði, þ.e. að falldempun sé nægileg allt árið á norðurhvara heims, heldur aðeins gengið út frá því sem segir í vottuninni. Í einhverjum tilvikum í Skandinavíu eru sum leiktæki reyndar ekki ætluð til notkunar að vetrarlagi.

En hvernig er hægt að bæta ófullnægjandi fallvörn? Segja má að það fari alveg eftir aðstæðum á hverjum stað og hve mikið þarf að bæta hana. Í einhverjum tilvikum er hægt að skipta út gervigrasi og setja gúmmihellur í stað þess á dempunarpúða (foam) sem fyrir er, annars staðar hentar betur að setja þykkari gúmmihellur eða þykkari dempunarpúða. Ástæða þess að sum malarsvæði undir leiktækjum uppfylltu ekki kröfur þegar yfirborð var frosið var aðallega vegna þess að mölin var of blönduð fínefnum.

Lagfæringar á stöðum sem ekki uppfylltu kröfur um falldempun hófust þegar vorið 2021 og er fyrirhugað að þeim ljúki á árinu 2022. Jafnframt hafa verið tekin upp ný vinnubrögð við mat á falldempunarbörf. Aðferðin felst í því að gera kröfur um 20-30% meiri dempun en vottun segir til um, og ætti það að duga til að mæta lakari eiginleikum falldempunarefnanna að vetrarlagi.

Eftirlit og viðhald leiksvæða og tækja – innra eftirlit

Eftirfarandi er úr gildandi reglugerð um leiksvæði og leikvallatæki og eftirlits með þeim frá 2002:

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

- 1. Reglubundna yfirlitsskoðun** getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.
- 2. Rekstrarskoðun** felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
- 3. Aðalskoðun** er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og

uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.“

Aðalskoðun hefur farið fram árlega undanfarin ár, eins og segir til um í reglugerðinni.

Aðalskoðun skólalóða, leiksvæða og leiktækja í Kópavogi 2021

Samandregnar niðurstöður

	10 Grunn- skóla- lóðir	23 Leik- skóla- lóðir	4 Gæslu- valla- lóðir	63 Opin leiks- væði	100 staðir SAMTALS
1. Fallhæð	22	21	0	12	55 6%
2. Viðhald lóða o.þ.h.	36	78	6	31	151 16%
3. Viðhald húsa o.þ.h.	40	30	0	0	70 7%
4. Málun búnaðar	32	57	5	57	151 16%
Lóðir/aðstæður/búnaður:	130	186	11	100	427 athugasemdir
meðaltal:	13	8	3	2	4
5. Undirlag, fallrými	20	57	3	41	121 13%
6. Viðhald leiktækja	64	104	17	115	300 32%
7. Málun leiktækja	55	23	4	20	102 11%
Leiktæki:	139	184	24	176	523 athugasemdir
meðaltal:	14	8	6	3	5
950 athugasemdir alls					

Tafla 2. Yfirlit um aðalskoðun 2021 hjá Kópavogsbæ. Samantektin nær til allra þeirra 950 athugasemda sem gerðar voru á 100 stöðum og búið er að bregðast við fjölmörgum þeirra. Rétt er að taka fram hluti athugasemdanna er ekki "réttmætur", þ.e. á ekki við rök að styðjast, en er engu að síður talinn með hér. Næsta aðalskoðun fer fram sumarið og haustið 2022.

Skýringar við töflu 2.

- Í langflestum tilvikum er um að ræða grjót eða kanta innan lóðar eða nærri leiksvæði sem eru hærri en 60 cm og þar er ekki falldempandi yfirborð. Nokkrar athugasemdanna varða tré sem hægt er að klifra í.
- Flestar athugasemdanna varða girðingar og hlið (61 atr.), yfirborð s.s. slit á grasi, hellur, malbik o.fl. (28 atr.) og 20 atriði eru um vöntun á lýsingu og ruslálátum á opnum leiksvæðum.
- Helstu athugasemdir undir þessum lið eru varðandi útikrana á húsum, hurðastoppa, handrið tengd húsum og þakniðurföll.
- Gerð er krafa um að allir málmhlutir séu málaðir og þar er um að ræða ljósastaura, girðingastaura, hlið, handrið, hjólaboga o.fl.
- 58 atriði eiga við staði þar sem ekki var búið að skipta um mól sem undirlag (lýkur 2022) og önnur 22 atriði þar sem var sandur/möl á gúmmíhellum eða gervigrasi þegar aðalskoðun var framkvæmd.
- Leiktæki eiga að vera vel föst og það sama er látið gilda um bekki og borð með bekkjum en 30% athugasemda (91 atr.) á við um laus borð og bekki, næst algengasta í þessum flokki að sk. tappa vantí á bolta (37 atr.)
- Gerð er krafa um að allir málmhlutir séu málaðir og í leiktækjum er þar aðallega um að ræða boltamörk, körfuboltastangir, súlur, slár/rimlar, undirstöður o.fl.

Myndir af nokkrum athugasemdum úr aðalskoðunarskýrslum 2021

1. Fallhæð



Fallhæð af grjóti er á nokkrum stöðum yfir 60cm og þarf dempandi undirlag.



Fallhæð af kanti er yfir 60cm, þarf dempandi undirlag.



6 Fallhæð - þar sem spýtur eru láréttar er auðvelt að klífra, fallhæð yfir 60cm þarf dempandi undirlag



6 Fallhæð - fallhæð af palli er yfir 60cm og þarf dempandi undirlag

2. Viðhald lóða o.þ.h.



Viðhald - göt



Viðhald



25 Viðhald - spýta er brotin, lág girðing er farin að halla



29 Klemmihætta

3. Viðhald húsa o.þ.h.

Bil eiga ekki að vera á milli 8.9 og 23 cm - festihætta/hengingarhætta



Krani stendur út í gangveg



Hægt að labba eftir vegg í talsverða hæð, undir er stétt.

4. Málun búnaðar



Mála þarf galvaniserað járn upp í 1.5m. Þessi athugasemd á við um alla ljósastaura á leiksvæðinu.



Mála þarf galvaniserað járn upp í 1.5m




Mála þarf galvaniserað járn.

5. Undirlag, fallrými



Undirlag þakið mól og sandi



21 Undirlag - undirlag ekki í lagi, ef öryggismöl þá 30cm djúp

21 Undirlag, 25 Viðhald



21 Undirlag - mól og óhreinindi á undirlagi

6. Viðhald leiktækja

Nýtt tæki (5)

Mynd af tæki	
Tegund tækis	7 Borð
Framleiðandi/Dreifingaraðili	Govaplast
Frávik	Já
Tegund frávika	11 Hlutur laus
Athugasemd	Borðið er laust
Áhættumat tækis	Lág

20 Tappar - vantar tappa



Talsvert er af lausum hlutum/aðskotahlutum á leiksvæðinu. Ekki eiga að vera lausir hlutir á leiksvæðum.



7. Málun leiktækja

Mynd af tæki	
Tegund tækis	38 Skip
Framleiðandi/Dreifingaraðili	Eibe
Frávik	Já
Tegund frávika	1 Annað (Hvað?)
Myndir af frávikum	

1 Annað - mála þarf galvaniserað járn.

	1 Annað - mála þarf galvaniserað járn upp í 1.5m
Áhættumat tækis	Lág

Nýtt tæki (18)

Mynd af tæki	
--------------	---

Umsögn forstöðumanns Miðstöðvar slysavarna barna

Í janúar 2021 hafði Friðrik garðyrkjustjóri samband við mig og bað mig að rýna verkferla og gera með sér skoðun á nokkrum svæðum til að fá heildarmynd af stöðu öryggismála á leiksvæðum barna í Kópavogi.

Það er gaman frá því að segja að fyrir tæpum 25 árum síðan bað Friðrik mig að koma með sér í skoðun á leiksvæðum bæjarins þar sem innleiðing Evrópustaðla hér á landi stóð fyrir dyrum með útgáfu sérstakrar reglugerðar um öryggi leikvallatækja og -svæða. Þessi yfirferð var til að skoða hvernig staðan væri miðað við tilkomu aukinna krafna og var einnig hugsuð sem fræðsla um innihald staðlanna en ég tók, fyrir hönd Íslands, þátt í skrifum á fyrstu Evrópustöðlunum sem gefnir voru út 1998. Það var því einstaklega ánægjulegt öllum þessum árum síðar að sjá þann metnað sem Kópavogsbær hefur haft fyrir því að gera leiksvæðin fjölbreytt, skemmtileg og örugg fyrir börnin og hversu vel hefur tekist til.

Núverandi fyrirkomulag og staða hjá Kópavogsbæ og öðrum sveitarfélögum

Þegar litið er til allra þeirra þátta sem skipta máli þegar kemur að öryggi barna á leiksvæðum þá er staðan mjög góð í Kópavogsbæ og mun betri en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum þar sem hún er mjög mismunandi þrátt fyrir að í gildi sé reglugerð sem tryggja á öryggi barna.

Þær breytingar og sú uppbygging sem hefur átt sér stað á svæðum Kópavogsbæjar á liðnum árum hefur skilað sér í öruggari leiksvæðum barna. Þegar rýnt er í verkferla sem viðhafðir eru þegar kemur að gerð nýrra leiksvæða, endurgerðar þeirra eldri og viðhalds, þá eru þeir skipulagðir og haldið er vel utan um allar framkvæmdir þannig að yfirsýnin er góð á öllum tækjum og lóðum bæjarins. Það vekur einnig athygli hversu fjölbreytt svæðin eru og að þau taka mið af mismunandi aldri barna og fylgja vel eftir þeim leikjum sem börn hafa áhuga á. Öryggi barna felst ekki einungis í öruggum svæðum og að þau uppfylli gildandi lög, reglugerðir og staðla heldur verða þau að vera fjölbreytt og höfða til barna á mismunandi aldri og að það sé hægt að komast á leiksvæðin á öruggan hátt. Þetta hefur tekist vel í Kópavogi.

Leiksvæði skipa mikilvægan sess í fækkun slysa. Það er talað um heimsbyltingu í öryggi barna með tilkomu skipulagðra leiksvæða sem byrjuðu að ryðja sér til rúms í heiminum eftir síðari heimstyrjöldina, en á árum áður léku börnin sér á eða við götuna eða bara á nærliggjandi svæðum sem voru oft mjög hættuleg svo sem ár, vötn, nýbyggingar og vinnuvélar í landbúnaði og bara það sem var nærtækt. Skipulögð leiksvæði barna eru talin eiga stóran þátt í fækkun banaslysa á heimsvísu sem undirstrikar mikilvægi góðra leiksvæða fyrir börn á öllum aldri. Þetta á einnig við hér á landi. enda hefur banaslysum á börnum fækkað yfir 65% á liðnum áratugum.

Eftir athugun á slysum á leiksvæðum barna á landinu öllu kom í ljós að eftirfarandi þættir voru langoftast orsök slysanna:

- Skortur á viðhaldi leiktækja.
- Öryggisundirlag uppfyllir ekki gildandi kröfur eða er ekki hreinsað, grjót og spýtur sem börn draga inn á öryggissvæðið er ekki fjarlægð.
- Leiktæki standast ekki staðla.
- Börn að nota tæki sem ekki hæfa aldri þeirra.
- Breytingar á tækjum sem skapast í leik, t.d. bönd bundin á tæki eða farið með leikföng í leiktækin.
- Grindverk og hlið ekki örugg.

Hvað má helst betur fara hjá Kópavogsbæ

Rekstrarhandbók

1. Taka í notkun rekstrarhandbók. Í yfirstandandi endurskoðun á reglugerð hefur verið lögð fram tillaga um að Umhverfisstofnun láti útbúa rekstrarhandbók fyrir sveitarfélög til að þeim auðveldara að halda utan um rekstur leiksvæða. Ef stofnunin verður ekki við þessari áskoðun tel ég nauðsynlegt að Kópavogsbær fari í þessa vinnu til að auðvelda yfirsýn yfir öll svæði og leiktæki bæjarins og viðhald á þeim. Undirrituð hefur gert tillögu að innihaldi þessarar rekstrarhandbókar.
2. Koma upplýsingum til íbúa bæjarins um leiksvæðin og öryggi barna á þeim. Gott væri að hafa svæði á heimasíðu bæjarins þar sem foreldrar og forráðamenn geta kynnt sér öll leiksvæðin og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra varðandi öryggi barna, hvert er hlutverk bæjarins og hvert er hlutverk þeirra til að tryggja öryggi barna. Það vekur athygli í tilkynningum til Miðstöðvar slysavarna barna hversu mörg slys, sum mjög alvarleg, má rekja til þess að litlum börnum er lyft upp í leiktæki sem framleidd eru fyrir mun eldri börn og virðast foreldrar ekki gera sér grein fyrir þessu. Þarna mætti vekja athygli foreldra á að leiktæki séu framleidd fyrir mismunandi aldur barna. Þetta byggir á þroska þeirra og getu og leiktæki sem ekki hæfa aldri þeirra geta beinlínis verið börnunum stórhættuleg og því nauðsynlegt að foreldrar eða forráðamenn kynni sér leiksvæðin áður en börnin fara á þau. Þetta krefst þess að útbúin verði áberandi aldursmerking sem komið verði fyrir á öll leiktæki. Þessi krafa er nú þegar í reglugerðinni. Einnig má fræða foreldra um ranga notkun leiktækja en mörg alvarleg slys verða vegna þessa. Sem dæmi um ranga notkun leiktækja má nefna hvernig á að renna sér í rennibraut. Ekki er öruggt að renna sér niður á maganum með höfuðið fyrst, því þetta getur leitt til alvarlegra hálsárverka ef barnið sem er að renna sér lendir aftan á næsta barni. Einnig þarf að hvetja foreldra og forráðamenn til að vera ávallt úti á leiksvæði með börnunum sínum ef þau eru yngri en þriggja ára.
3. Setja upp almennar merkingar á leiksvæðum um staðsetningu, ef hringja þarf í neyðarlínu. Krafa er um þetta í leiksvæðastaðli sem er hluti reglugerðarinnar. Á þessu sama skilti eiga að vera upplýsingar um við hvern á að hafa samband ef slys verður og eins ef leiktæki eru skemmd eða mikið er af hættulegu rusli, s.s. glerbrotum, sprautunálum, munntóbakspúðum eða öðru sem ungum börnum getur stafa hætta af.

Fræðsla fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla Kópavogsbæjar

Til að tryggja heildaröryggi barna á leiksvæðum þurfa leiktæki og öryggisundirlag ekki einungis að uppfylla gildandi staðla og að þeim sé viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda sem er á ábyrgð rekstraraðila – Kópavogsbæjar.

Einnig skal framfylgja reglugerð um að framkvæmdar séu reglubundnar skoðanir samkvæmt gildandi stöðlum. Á grunn- og leikskólalóðum séu gerðar daglegar skoðanir áður en nemendur fara út á leiksvæðið í fyrsta skipti í skipulögðu skólastarfi og skal skoðunin framkvæmd samkvæmt gátlista. Í tilefni þessarar vinnu fyrir Kópavogsbæ var innleiddur nýr og endurnýjaður gátlisti fyrir þessar skoðanir –annar fyrir leikskóla og hinn fyrir grunnskóla. Haft var samband við bæði deildarstjóra leikskóladeildar og grunnskóladeildar vegna málsins og í framhaldi af því voru haldin námskeið fyrir leikskólastjóra og stjórnendur grunnskóla um hvernig þessar skoðanir skulu framkvæmdar. Þessari fræðslu lauk vorið 2021.

Við nánari skoðun á slysum sem orðið höfðu nýverið á leiksvæðum bæjarins og hvernig staðið var að tilkynningum og fleiru í kjölfar þeirra og öðru þeim tengt kom í ljós að í flestum tilfellum var vel að þessu staðið í leikskólum bæjarins, enda um langt samstarf við mig að ræða um uppsetningu öryggisferla og viðbrögð við slysum og frágangi mála í kjölfar slysa. Í framhaldi af fundi með deildarstjóra leikskóladeildar var ákveðið að setja upp námskeið um þessi atriði. Var þetta þriggja tíma námskeið haldið vorið 2021 þar sem allir stjórnendur leikskóla voru mættir.

Í samráði við deildarstjóra grunnskóladeildar stóð til að halda samskonar námskeið en þar voru þessir þættir ekki í eins föstu formi og í leikskólum bæjarins. Reynt var nokkrum sinnum á síðasta ári að halda námskeiðið en vegna Covid-19 tókst það ekki og var því ákveðið að halda námskeið í byrjun næsta skólaárs, í september 2022.

Slysaskráning

Til eru sérstök eyðublöð sem útbúin voru í kringum setningu reglugerðar um öryggi í grunn- og leikskólum. Í ljós kom að bærinn er að nota annað blað en það sem sérstaklega var útbúið til að öll mikilvæg atriði kæmu fram í kringum slysið. Búið er að koma þessum skilaboðin til öryggisnefndar á vegum Kópavogsbæjar. Kynning á mikilvægi réttar skráningar er hluti af fyrirnefndum námskeiðum fyrir grunn- og leikskóla. Þess misskilnings gætir einnig í sumum grunnskólum að skólahjúkrunarfræðingur eigi að fylla þetta blað út og tilkynna til tryggingarfélags bæjarins. Allt í kringum slys á barni í grunnskólum er á ábyrgð skólans. Hjúkrunarfræðingur er starfsmaður heilsugæslu og vinnur eftir settum reglum heilsugæslu um heilsufar og eftirlit þess samkvæmt ferlum frá Embætti landlæknis og hefur ekki það hlutverk að hafa nein afskipti af slysum á börnum í skólatíma. Slys og skyndihjálþ barna er alfarið á ábyrgð skólans og einnig að hann reglulega haldi sérhæft námskeið fyrir sína starfsmenn um viðbrögð við slysum og hvernig skuli haga málum á slysstað og frágangi mála eftir slys til að tryggja rétt barnsins. Það skal tekið fram að ef um lífshættulegt ástand á barni er að ræða og hjúkrunarfræðingur er á staðnum getur hann ekki neitað að aðstoða þangað til sjúkrabíll kemur á svæðið.

Hvenær eiga starfsmenn að hafa afskipti af börnum í leik?

Þegar slys verða vekur það athygli að oft er enginn starfsmaður sem sá það gerast. Þetta vekur oft óhug foreldra, sérstaklega þegar um alvarleg slys er að ræða sem hefði mátt koma í veg fyrir hefði starfsmaður verið til staðar og gripið í taumanna og komið í veg fyrir atvikið. Það vantar námskeið fyrir starfsmenn grunnskóla og leikskóla um hvernig lóðargæslu skuli háttað, hvernig þroski og geta barna er, hvernig þau leika sér og hvaða hættur því fylgja þar sem þau skilja ekki umhverfið né þekkja áhætturnar. Þetta er nauðsynlegur hluti af skipulagðri gæslu á lóðinni. Þetta námskeið mætti halda næsta vetur fyrir starfsmenn. Því miður er leiktækjum oftast kennt um slysið en ekki hvernig barnið notaði það. Þetta er mikilvægur hluti í heildaröryggi á leiksvæðum barna.

Fyrirhugaðar breytingar á reglugerð

Núverandi reglugerð um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og eftirlits með þeim frá 2002 er orðin mjög úrelt en tekin var sú ákvörðun árið 2021 að fara í endurskoðun hennar en undirrituð var fengin til að stjórna þeirra vinnu sem mun ljúka á þessu ári. Reglugerðin á að vera skýrari eftir þessa yfirferð og auðvelda sveitarfélögum að framfylgja henni og einfalda framkvæmd á reglubundnum skoðunum

leiksvæða. Reglugerðin er búin að fara í umsagnarferli og er verið að fara yfir umsagnir sem bárust. Haldnar verða kynningar í kjölfar endurútgáfu hennar fyrir alla lykilaðila. Endurskoða þarf allar leiðbeiningar sem tengist öryggi á leiksvæðum barna og er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar en upplýsingar þar eru orðnar mjög úreltar.

Herdís Storgaard, forstöðmaður Miðstöðvar slysavarna barna

Lokaorð

Samkvæmt því sem fram hefur komið er ástand leiksvæða og öryggismála ekki svo slæmt í Kópavogi, reyndar bara nokkuð gott á landsvísu. Það má hins vegar að sjálfsögðu alltaf bæta og er í skýrslunni að finna ýmsar tillögur að úrbótum í þeim efnum.

Undanfarin á hefur verið aukin krafa um öryggi, bætt aðgengi og góða innviði og má sjá þess merki í innleiðingu Heimsmarkmiða SP sem yfirstefnu Kópavogsbæjar, Barnasáttmála SP, lýðheilsustefna bæjarins og stefnumótun umhverfissviðs, svo eitthvað sé nefnt.

Ljóst er að talsverðar breytingar munu verða með tilkomu nýrrar reglugerðar, væntanlega nú seinna á árinu, og þarf í tíma að hugsa fyrir aukinni vinnu sem því fylgir.

Að vinna að bættu öryggi á leiksvæðum barna er samvinnuverkefni umhverfissviðs sem annast rekstur og viðhald svæða og lóða, grunn- og leikskóla sem annast daglegt eftirlit og ekki síst foreldra og forráðamanna helstu notenda leiksvæðanna; barnanna okkar.

Kópavogi 2. maí 2022,

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Fylgiskjal 1.

Menntaráð - 72 (19.1.2021) - Öryggi á skólalóðum
Málsnúmer: 2101369

Svar við eftirfarandi fyrirspurn frá Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttir, áheyrnafulltrú Pírata, lagt fram: Óska eftir upplýsingum um stöðu öryggismála leiktækja á skólalóðum Kópavogsbæjar. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í kjölfar þess að í ljós hefur komið eftir alvarlegt slys í haust, að leiktæki eru í einhverjum tilfellum ekki örugg þrátt fyrir að þau uppfylli staðla?

Minnisblað vegna fallvarna við leiktæki á skólalóðum

Óskað hefur verið eftir upplýsingum um stöðu öryggismála leiktækja á skólalóðum Kópavogsbæjar. - Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í kjölfar þess að í ljós hefur komið eftir alvarlegt slys í haust, að leiktæki eru í einhverjum tilfellum ekki búin fullnægjandi fallvörn og slyshætta er veruleg þrátt fyrir að leiktæki uppfylli staðla?

Strax og í ljós kom við falldempunarmælingar að fallvörn við þetta tiltekna leiktæki, kastala á lóð Snælandsskóla, var ófullnægjandi, voru gerðar ráðstafanir til að hindra aðgengi barna í þann hluta kastalans sem hæstur er. Fallvörnin uppfyllir kröfur vegna þess hluta tækisins sem síðan hefur verið aðgengilegur. Rétt er að taka fram að afleiðingar slyssins í haust eru ekki raktar til fallvarnarinnar heldur hönnunar tækisins, eins og Herdís Storgaard, forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna hefur staðfest.

Eftir fund í starfshópi um endurgerð skólalóðarinnar, sem settur var á laggirnar 2018, var óskað eftir tillögu framleiðanda, sænska fyrirtækisins Hags, um hvernig gera mætti kastalann öruggari. Sú tillaga er nú nýkomin og verður yfirfarin með Herdísi Storgaard ásamt fyrrnefndum starfshópi. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort kastalinn eða hluti hans verður fjarlægður eða hvort ráðist verði í breytingar á honum. Slíkt verður að vera samþykkt af framleiðanda með vottuðum íhlutum. Verði það síðarnefnda niðurstaðan er ljóst að bæta þarf fallvörn við þann hluta.

Aðkoma Miðstöðvar slysavarna barna einskorðast þó ekki við þetta tiltekna leiktæki eða skólalóð. Hafin er skoðun á öllum stærri leiktækjum, þ.e. þar sem er umtalsverð fallhæð, s.s. við kastala, stærri klifurgrindur o.þ.h. Skoðuð eru leiktæki sem sett hafa verið upp á grunn- og leikskólalóðum ásamt opnum leiksvæðum á árunum 2016-2020 en árið 2016 hófst ákveðið endurnýjunarskeið lóða sem stendur enn yfir.

Um er að ræða eins konar aukaskoðun, þar sem að í ágúst-október 2020 fór fram sk. aðalskoðun leiksvæða og -tækja á öllum svæðum Kópavogsbæjar þar sem leiktæki er að finna, en þau eru nú 104 talsins. Slík aðalskoðun verður næst framkvæmd nk. sumar en skv. *reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 492 frá 2002* á að framkvæma aðalskoðun árlega. Framkvæmd aðalskoðunar er í höndum fyrirtækisins BSI á Íslandi sem er sem stendur eina fyrirtækið sem hefur til þess réttindi.

Falldempunarmælingar eru ekki hluti af fyrrnefndri aðalskoðun, en umhverfissvið hefur lagt upp áætlun um slíkar mælingar sem fyrirhugað er að hefjist um næstu mánaðamót. Komi í ljós fleiri frávik þar sem fallvarnir uppfylla ekki kröfur, verður bætt úr því.

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Niðurstaða:

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri kom á fund ráðsins og gerði grein fyrir svari við fyrirspurn. Bókun: "Undirrituð þakkar skjót svör og fagnar bæði áætlun um falldempunarmælingar og aðkomu Miðstöðvar slysavarna barna að úttekt á öllum stærri leiktækjum á vegum Kópavogsbæjar. Sigurbjörg Erla Egilsdóttir." Eftirtaldir tóku undir bókun: Ragnhildur Reynisdóttir, Pétur Hrafn Sigurðsson og Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir."

Fylgiskjal 1.

REGLUGERÐ

um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar.

Um öryggi leiktækja sem ætluð eru til einkanota fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga.

3. gr.

Skilgreiningar.

Aðalskoðun er skoðun með að hámarki 12 mánaða millibili sem ætlað er að staðfesta öryggi tækisins, undirstöðu þess og umhverfis.

Fallflötur er sá flötur sem notandi getur lent á eftir að hafa fallið í fallrýminu.

Fallrými er rými frá þeim hluta tækisins þar sem notandi getur fallið. Fallrýmið hefst þar sem um frjálst fall getur verið að ræða.

Innra eftirlit er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi, framkvæmt af honum, starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar.

ÍST EN staðall er staðall sem er samþykktur af evrópskum staðlasamtökum (CEN, CENELEC eða ETSI) og staðfestur af Staðlaráði Íslands sem íslenskur staðall.

Leiksvæði er svæði, hvort sem er innan dýra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, skóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila þar sem börn eiga greiðan aðgang að eða ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús, frístundahús, tjaldsvæði, verslunarhúsnæði og samkomustaði.

Leikvallatæki er þar til gert tæki eða mannvirki, þar með talið hlutar þess, sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss.

Reglubundin yfirlitsskoðun er skoðun sem ætlað er að greina augljósa hættu sem meðal annars má rekja til skemmda, notkunar eða veðurs.

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri.

Rekstrarskoðun er skoðun sem er ítarlegri en reglubundin yfirlitsskoðun og lýtur að virkni og stöðugleika leikvallatækisins og öryggi leiksvæðisins.

Yfirborðsefni eru þau efni sem notuð eru á yfirborði leiksvæða, svo sem gras, möl, sandur, hellur, malbik, timburpallar og samsvarandi. Einnig yfirborðsefni sem hafa eiginleika til dæmpanar falls eins og fín rúnnuð möl, grófur sandur, trjáskurl og öryggishellur, sbr. ÍST EN 1177.

4. gr.

Úttekt og starfsleyfi.

Áður en leiksvæði er tekið í notkun skal fara fram lokaúttekt byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð.

Um starfsleyfi og starfsleyfissskyldu leiksvæða fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti.

5. gr.
Ábyrgð.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

II. KAFLI
Almenn ákvæði um leiksvæði.

6. gr.
Umhverfi.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.

Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið.

Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.

Á leiksvæðum skal vera góð lýsing.

Þar sem grindverk og hlið eru á lóðum leiksvæða skal frágangi þeirra þannig hagað að börnum geti ekki stafað hættu af.

Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

7. gr.
Hreinlæti.

Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Á leiksvæðum skal gert ráð fyrir ruslabiðum og losun sorps eftir því sem við á.

Rekstraraðili leiksvæðis skal sjá um að rusl sé fjarlægð reglulega, sbr. ákvæði reglugerðar um úrgang. Hættulegt rusl ber að fjarlægja jafnóðum.

III. KAFLI
Öryggi.

8. gr.
Öryggi leiksvæða.

Til að tryggja öryggi barna á leiksvæðum skal við hönnun og gerð leiksvæða fara eftir ákvæðum í viðauka II.

9. gr.
Öryggi leikvallatækja.

Þeir sem flytja inn, framleiða, markaðssetja, leigja eða dreifa leikvallatækjum hér á landi eða ætla að flytja þau út til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu skulu geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I eða aðrar sambærilegar öryggiskröfur.

Með leikvallatækjum sem sett eru á markað skulu fylgja leiðbeiningar um uppsetningu og viðhald tækjanna svo og upplýsingar um þá staðla sem framleiðslan byggist á. Teikningar af tækinu fullbúnu skulu ennfremur fylgja með, upplýsingar um nauðsynleg verkfæri og önnur hjálpargögn við uppsetningu tækjanna.

Upplýsingar um ráðlagða notkun og fyrir hvaða aldurshópa tækið er skulu fylgja með leikvallatækjum. Ef tækið er eingöngu ætlað til notkunar innanhúss skal greint frá því sérstaklega með viðeigandi merkingum.

Leikvallatæki sem sett eru á markað hér á landi skulu merkt nafni framleiðanda, vörunúmeri hans eða öðru kennimerki. Ef um er að ræða erlenda framleiðslu skal nafn innflytjenda koma fram á leikvallatækinu.

Allar upplýsingar er varða rétta uppsetningu, viðhald og notkun leikvallatækja skulu fylgja með á íslensku.

10. gr.

Hönnun leikvallatækja.

Hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og fallflatar þess skal vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað.

Þar sem það á við skulu leikvallatæki sérstaklega merkt hvaða aldri barna þau eru ætluð.

Mörk, körfuboltaspjöld og samsvarandi búnað skal festa tryggilega niður. Að öðru leyti skal fara eftir stöðlum sem taldir eru upp í viðauka IV.

IV. KAFLI

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum.

11. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I.

Löggildingarstofa hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi. Um málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

12. gr.

Innra eftirlit.

Heilbrigðisnefnd skal gera kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka leikvallatæki úr notkun.

Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176. Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III. Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal

lögðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

15. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við viðskiptaráðherra. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. er veittur frestur til 31. desember 2006 til að endurgera leiksvæði sem eru starfrækt við gildistöku reglugerðar þessarar þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefnd skal þó heimilt að láta fjarlægja hættuleg leikvallatæki ef nauðsyn ber til. Ef ríkar ástæður mæla með er heilbrigðisnefnd heimilt að veita lengri frest en þó ekki lengur en til 31. desember 2010. Rekstraraðilar leiksvæða skulu setja fram tímasetta áætlun um endurgerð leiksvæða og senda heilbrigðisnefnd til umsagnar fyrir 1. janúar 2005.

Eftir 1. janúar 2005 mega þeir einir framkvæma aðalskoðun sem hlotið hafa faggildingu til þess.

Umhverfissráðuneytinu, 27. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI I

Staðlar um leikvallatæki og undirlag þeirra.

Eftirfarandi eru staðar úr staðlaröðinni ÍST EN 1176 að viðbættum ÍST EN 1177.

- | | |
|------------------------|---|
| 1. ÍST EN 1176-1: 1998 | Hluti 1: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir. |
| 2. ÍST EN 1176-2: 1998 | Hluti 2: Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaaðferðir. |
| 3. ÍST EN 1176-3: 1998 | Hluti 3: Rennibrautir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. |
| 4. ÍST EN 1176-4: 1998 | Hluti 4: Hlaupakettir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. |
| 5. ÍST EN 1176-5: 1998 | Hluti 5: Hringekjur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. |
| 6. ÍST EN 1176-6: 1998 | Hluti 6: Rugguhestar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. |
| 7. ÍST EN 1176-7: 1997 | Hluti 7: Leikvallatæki, leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur. |
| 8. ÍST EN 1176-8 | Hluti 8: Leikvallatæki, uppsetning, eftirlit og viðhald. |
| 9. ÍST EN 1176-9 | Hluti 9: Leikvallatæki, rekstur. |
| 10. ÍST EN 1177: 1997 | Yfirborðsefni á leiksvæðum, öryggiskröfur og aðferðir við prófun. |

VIÐAUKI II Öryggi leiksvæða.

Um öryggi leiksvæða gildir eftirfarandi:

1. Leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
2. Séu hlutir úr náttúrunni notaðir sem leikvallatæki eða sem hluti þeirra gilda sömu kröfur um þau og önnur leikvallatæki, eftir því sem við á.
3. Yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna.
4. Leiksvæði skulu hönnuð með vatnshalla, vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir þannig að hætta stafi af.
5. Gæta skal að því að á leiksvæðum sé ekki eittraður gróður.

Umhverfisstofnun gefur út lista yfir varasaman gróður.

6. Sé hluti leiksvæðis náttúrulegt svæði skal það yfirfarið og gengið þannig frá því að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
7. Á svæðum sem ætluð eru til vatnsleikja skal þess gætt við hönnun og frágang og rekstur að ekki skapist hætta af.
8. Við hönnun sleðabrekku skal miða við að rennslið niður sé óhindrað og án hættulegrar fyrirstöðu. Við hönnun skal miða við að rennslisflöturinn sé með setflöt efst, hæfilegum halla og bremsuflöt neðst. Þar sem þörf er á skal koma fyrir bólstruðum stöðvunarhindrunum.
9. Staðsetja skal hjólastíga á leiksvæðum þannig að þeir liggi ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þar sem hætta er á falli. Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það.
10. Um hönnun sandkassa gilda sömu kröfur og um önnur leikvallatæki.
11. Um stoðveggi, verkfærageymslur og önnur mannvirki á leiksvæðum gilda eftir því sem við á sömu kröfur og um leikvallatæki.
12. Á leiksvæðum er óheimilt að nota efnavörur eða hluti sem valdið geta heilsutjóni vegna geislunar, inntöku, innöndunar eða upptöku um húð. Val á efnum skal standast ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Um aðra notkun efna og efnavara vísast til staðalsins ÍST EN 71 um öryggi leikfanga.

Um gerð leiksvæða vísast að öðru leyti til RB-blaðs (V6). 003: Leiktæki og annar búnaður á útileiksvæði m.t.t. barna.

VIÐAUKI III Innra eftirlit.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

1. Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sleti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af

stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.

2. Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
3. Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

VIÐAUKI IV

Staðlar um fótbolta-, handbolta- og hokkímörk og körfuboltaspjöld.

Eftirfarandi staðlar gilda um fótbolta-, handbolta- og hokkímörk og körfuboltaspjöld:

- | | |
|----------------|---|
| 1. ÍST EN 748 | Playing field equipment - Football goals - Functional and safety requirements, test methods. |
| 2. ÍST EN 749 | Playing field equipment - Handball goals - Functional and safety requirements, test methods. |
| 3. ÍST EN 750 | Playing field equipment - Hockey goals - Functional and safety requirements, test methods. |
| 4. ÍST EN 1270 | Playing field equipment - Basketball equipment- Functional and safety requirements, test methods. |